

# Starfsáætlun

## Skarðshlíðarleikskóla

---

2021 – 2022







## Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahlald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til Þróunarfulltrúa leikskóla fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar. Tekið skal fram að leikskólar gera jafnréttisáætlun nú og skal hún koma með starfsáætlun sem viðhengi.

## Efnisyfirlit

Formáli.....	4
1. Inngangur .....	6
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun .....	8
2.1 Matsáætlun skólaárið 2021-22.....	8
2.2 Innra mat leikskólans.....	8
2.3 Húsnæði og lóð.....	9
2.4 Ytra mat.....	10
2.5. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats .....	11
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	13
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	13
4. Starfsmannamál .....	16
4.1. Starfsmannahópurinn 1. Maí .....	16
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	16
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	16
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	17
5. Aðrar upplýsingar .....	17
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	17
5.2 Foreldrasamvinna.....	18
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla .....	18
5.4 Almennar upplýsingar .....	18
5.5 Áætlanir .....	19
Fylgirit.....	19
• Matsgögn.....	19
• Leikskóladagatal .....	19
• Umsögn foreldraráðs.....	19
• Annað .....	19

## 1. Inngangur

Skarðshlíðarleikskóli tók til starfa 9. ágúst 2019. Starfsemi skólans byggir á lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009, reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum nr. 893/2009, skólastefnu Hafnarfjarðar og á Aðalnámskrá leikskóla (2011).

Í byrjun árs 2020 skall á heimsfaraldur sem óneytlega setti sinn svip á leikskólastarfið og tafði fyrir innleiðingu og markvissri vinnu á ýmsu. Þetta hafði oft á tíðum áhrif á foreldrasamstarf og dagleg samskipti en þeir sýndu ótrúlega skilning, þolinmæði og samvinnu sem við erum mjög þakklát fyrir. Viðburðir sem við vildum festa í sess í samvinnu við foreldra féllu flestir niður sem okkur þótti miður en við náðu að halda sumarhátíðina í júní með foreldrum. Það var þó margt jákvætt sem það hafði í för með sér til dæmis kenndi það okkur aðferðir við tímasparnað eins og að nýta okkur Teams og Zoom fundi í stað þess að þeysast um allan bæ, hvað stærð barnahópsins skiptir miklu máli og hægði almennt á mörgu í samfélaginu.

Haustið 2020 opnuðum við fjórðu og síðustu heimastofuna og heitir hún Hóll. Börnunum fjölgaði við það úr 47 börn í leikskólanum í 69. Heimastofurnar skiptast niður á tvo ganga og eru yngstu nemendur á Suðurgangi og þeir eldri á Norðurgangi. Lögð er áhersla á góða samvinnu og að heimastofur vinni sem ein heild. Matstofa og hreyfisalur er í miðrymi leikskólans.

Í skólanum er litið á leikinn sem helsta náms og þroskaleið barnsins, út frá forsendum þess. Við teljum mikilvægt að hlúa vel að leiknum, skapa honum gott rými jafnt í skipulögðum verkefnum sem og í frjálsum leik. Við nýtum húsnæði leikskólans vel fyrir leik barna með áherslu á að hlusta á raddir þeirra og frelsi til að hafa áhrif og val á leik sínum.

Stefna leikskólans tekur mið af Fjölgreindarkenningu Howard Garner. Markmiðið er að stuðla að vellíðan barna í leikskólanum og styrkja sjálfsmýnd þeirra með því að kenna börnum lýðræði, efla frumkvæði þeirra og sjálfstæði sem virkir þátttakendur í öllu leikskólastarfinu. Þekking starfsfólks á hugmyndafræðinni hefur verið að aukast og hafin er vinna að einhverju leiti með greindirnar inn á flestum heimastofum.

Í Skarðshlíðarleikskóla eru unnið eftir uppbyggingarstefnuni en hún byggist á hugmyndafræði Diane Gossen frá Kanada. Markmiðið er að styrkja einstaklinginn í að vera sá sem hann vill vera með hliðsjón af eigin sannfæringu frekar en að stjórnast út frá geðþótta annarra. Sýn Uppbyggingarstefnunnar er að við séum öll með fimm grunnþarfir sem við þurfum að hafa jafnvægi á svo okkur líði vel. Grunnþarfirnar er: öryggi, að tilheyra, að hafa áhrif, gleði og frelsi. Uppeldi til ábyrgðar er í senn aðferð og stefnumörkun leikskólans til að stuðla að betri samskiptum, að kenna jafnt börnum og starfsfólki sjálfsgaga, sjálfstjórn og styrkingu sjálfsgaga. Þannig viljum við ná að skapa skólabrag sem einkennist af jákvæðum samskiptum, samheldni og umhyggju. Við höldum áfram að fullum krafti að innleiða vinnu með starfsfólki og börnum á komandi skólaári.

Í vetur hafa stjórnendur leik-, grunn- og tónlistarskóla í Skarðshlíð fundað vegna fyrirráætlaðrar

sambættingu skólastarfs þessa skólastiga. Fengum við liðsinni frá Notera sem nýttist mjög vel. 23.ágúst 2021 er áætlað að vera með sameiginlegan skipulagsdag fyrir hádegi þar sem meðal annars verður fyrirlestur og hópefli á dagskrá. Samstarf leik- og grunnskóla hefur verið að einhverjum marki þrátt fyrir takmarkanir vegna covid. Höfum við til að mynda haft aðgang að íþróttahúsi grunnskólans í vetur sem hefur þótt einstaklega vinsælt hjá bæði börnum og starfsfólki.

Í haust byrjar formleg vinna í mótun námskrár okkar og samhliða því er stefnum við að því að byrja að innleiðingu Snemmtækrar íhlutunar. Við sjáum tækifæri í því að gera þetta samhliða vinnu með grunnþætti menntunar og mótunar námskrá okkar.

## 2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

### 2.1 Matsáætlun skólaárið 2021-22

Matsþáttur	Hvenær/hve oft metið	Matsaðferð	Þátttakendur í mati
Fjölgreindakenningin	Skipulagsdagar í janúar og maí 2022. Reglulega á heimastofu- fundum yfir skólaárið.	Eigindleg	Allt starfsfólk
Matstofan	Skipulagsdagar í janúar og maí 2022. Reglulega á heimastofu- fundum yfir skólaárið.	Eigindleg	Allt starfsfólk
Grunnþættir menntunar	Skipulagsdagar í janúar og maí 2022. Reglulega á heimastofu- fundum yfir skólaárið.	Eigindleg	Allt starfsfólk
Uppeldi til ábyrgðar	Skipulagsdagar í janúar og maí 2022. Reglulega á heimastofu- fundum yfir skólaárið.	Eigindleg	Allt starfsfólk
Jólaundirbúningur	Skipulagsdagar í janúar 2022	Eigindleg	Allt starfsfólk
Sumaropnun	Deildarstjórafundur haustið 2021	Eigindleg	Stjórnendateymi
Stytting vinnuvikunnar	Skipulagsdagar í janúar og maí 2022	Eigindleg	Allt starfsfólk

### 2.2 Innra mat leikskólans

Á skipulagsdegi 4.janúar 2021 voru þrjú þættir metnir, vinna með Lubba, fjölgreindarkenninguna og jólaundirbúningur. Einnig voru þessir þættir reglulega ræddir á heimastofufundum, þar sem verkefni voru skipulögð. Eingöngu var notast við eigindlega matsaðferð, spurðar voru opnar spurningar, þær ræddar og svör skrifuð niður. Allir starfsmenn tóku þátt í mati en deildarstjórar sáum að skrá það sem fram kom og fylgja eftir að breytingar yrðu gerðar.

*Helstu niðurstöður:* Unnið var mis markvisst með Lubba og inn á flestum heimastofum taldi starfsfólk sig geta gert betur. Þó var inn á öllum heimastofum einhver vinna með Lubba, lögin sungin og bókin lesin. Inn á þeirri heimastofu sem vann markvissast með Lubba var einn starfsmaður sem sá um Lubbastundir.

Fjölgreindarkenningin var einnig komin mislangt á leið. Á einni heimastofu var farið að vinna hópavinnu oft í viku þar sem hver starfsmaður vann með eina greind og barnahópurinn flakkaði á milli. Á annarri heimastofu voru unnin þemaverkefni út frá greindunum og starfsfólk var að æfa sig í að para frjálsan leik barnanna við greindir. Inn á hinum heimastofunum tveimur var lítil sem engin markviss vinna.



Jólaundirbúningur gekk ágætlega þó starfsfólk væri sammála um að það hefði mátt byrja fyrr á jólagjöfunum. Verkefni sem voru gerð fyrir jólin tóku að miklu leiti yfir annað starf, til að mynda datt niður vinna með Lubba í desember og jafnvel nóvember, sem er ekki nægilega gott. Við þurfum að skipuleggja betur hvað þurfi að gera, hvenær og hvort það hafi óþarflega mikil áhrif á annað starf. Einnig þarf að skoða hvort að of mikil færbandavinna skapist við jólagjafaundirbúninginn. Í haust þarf að ræða og ákveða hvaða áherslu við viljum hafa í jólaundirbúningi.

Á skipulagsdag 25.maí var aftur metið hvernig vinna með Lubba og fjölgreindarkenninguna gengi. Auk þess var metið hvort að skilningur á grunnþáttum menntunar hefði aukist eftir fyrirlestur sem starfsfólk fékk á haustönn og hvernig innleiðing á styttingu vinnuvikunnar gengi. Matið var eigindlegt, lagðar voru fyrir allt starfsfólk á heimastofum opnar spurningar sem það ræddi og skráði niður. Helstu niðurstöður sýndu að markviss vinna með Lubba hefði á flestum heimastofum aukist og eitthvað aðeins meira með fjölgreindarkenninguna. Starfsfólk var mjög opið fyrir að fara að vinna með greindirnar í litlum hringekjum á milli samliggjandi heimastofa og jafnvel hafa stóra hringekju einu sinni til tvisvar í mánuði.

Starfsfólk heldur áfram að eflast í vinnu með Uppeldi til ábyrgðar en þykir þörf á að halda áfram að efla sig og sinn skilning á stefnunni. Óskað var eftir frekari kynningu í haust áður á Uppeldi til ábyrgðar og grunnþáttum menntunar.

Stytting vinnuvikunnar fer sæmilega af stað. Starfsfólk er ánægt með að fá styttinguna en það eru ýmsir vankantar á. Til að mynda eykst álag á þá sem eftir eru í vinnu þegar einn fer í styttingu og enginn annar kemur í staðinn og það virðist vera mismunur á milli vinnustaða innan Hafnarfjarðar varðandi hve mikla styttingu starfsfólk fær og hvernig er unnið með kaffitímana. Það veldur óánægju innan starfsstöðva sem ekki hafa tök á að taka fulla styttingu, sérstaklega þar sem í öðrum leikskólum í bæjarfélögum í kringum okkur er komin full stytting. Einnig þykir starfsfólki vera óvissa með hvað gerist þegar starfsfólk er veikt í styttingu sem það hefur safnað upp allan mánuðinn og hvað verði þá um yfirvinnutímana sem það hefur unnið sér inn samkvæmt vinnustund.

Sett hefur verið í umbótaáætlun fyrir næsta ár þar sem boðið verður upp á fyrirlestra, kynningu og verkefnavinnu í Uppeldi til ábyrgðar, grunnþáttum menntunar og fjölgreindarkenningunni. Auk þess er á matsáætlun hjá okkur að meta hvernig starfið gengur með alla þessa þætti.

### **2.3 Húsnæði og lóð**

Eftirlit með húsnæði og útileiksvæði er í daglegu eftirliti starfsfólks leikskólans. Starfsmenn skipta með sér daglegri úttekt á leikskólalóðinni og eru allar athugasemdir skráðar niður. Mikið álag hefur oft verið á starfsfólki við að týna upp rusl sem fýkur af byggingasvæði í kring um leikskólann. Þó svo starfsfólk hafi sinnt þessu eftirliti nokkuð vel hefur skráningu verið ábótavant.

Að beiðni leikskólastjóra kom starfsfólk á vegum Umhverfis og skipulagssviðs, Verkís og Eykt og tók út svæði á útilóð leikskólans þar sem óeðlileg vatnsmyndur var að stofna öryggi barna í hættu. Mikil pollamyndun var við svokallað drullusvæði og þar sem gras við göngustíga var farið að síga. Auk þess var gerð athugasemd við brekku sitt hvoru megin við rennibraut þar sem mikill ágangur hafði orðið til þess að svæðið var eitt drullusvað. Mottum var komið strax á það svæði og sett mól á drullusvæðið. Í sumar er fyrirhugað að setja drenlagnir og niðurföll á drullusvæðið og fjarlægja mölina. Einnig er áætlað að hækka undirlag á grasblettum til að koma í veg fyrir að pollamyndun.

Í lok september 2020 kom eftirlitsmaður á vegum Bráðalausna ehf. og tók út húsnæðið með brunavarnir í huga. Hann setti út á að skilti fyrir neyðarútganga snéru ekki rétt á sumum stöðum og að engar brunahurðir væru innan veggja leikskólans. Hann setti einnig út á að hurðir inn á heimastofur væru ekki nægilega þéttar.

#### **2.4 Ytra mat**

Skólapúlsinn lagði könnun fyrir starfsfólk og voru 87% starfsfólks sem tók þátt. Tilgangur þessarar könnunar er að gera mælinga á mikilvægum sálfélagslegum þáttum á vinnustöðum og gera samanburð á milli leikskóla á landsvísu.

Helstu niðurstöður sýndu að starfsfólk var almennt mjög ánægt með vinnustaðinn, starfsandann, andrúmsloftið sé afslappað og stjórnendur standi sig vel. Það finnur fyrir stuðningi, hvatningu og samheldni. Það upplifir sig fá faglega leiðsögn í starfi frá yfirmönnum. Mikil ánægja er með húsnæði og aðstöðu á vinnustaðnum. Starfsfólk telur sig hafa nokkuð góð tæk á að styðja við nám, félagsfærni og uppeldi barna. Starfsfólk fann oft fyrir álagi sem myndast vegna styttingar vinnuviku, aukins undirbúningsréttinda, ekki nægilegur stuðningstímar veittir fyrir börn sem á því þurfa að halda svo starfsfólk geti sinnt að fullu öllum börnum og þeirra þörfum. Mikilvægt er að Hafnarfjörður fari eftir lögum og reglum þar sem segir að leikskólastjóri eigi að meta það í samstarfi við skólayfirvöld hver þörfin er í starfsmannahaldi. Starfsfólk kallaði eftir því að fjölgað yrði í starfsmannahópinn svo það geti fengið að nýta sín réttindi án samviskubits.

Tveir starfsmenn hafa upplifað einelti og búið að ræða við starfsmannahópinn um mikilvægi þess að fólk leiti til réttra aðila ef það upplifi það svo hægt sé að taka á því. Eins ætla stjórnendur að vera með örsamtöl og starfsmannasamtöl næsta skólaár til að kanna m.a. líðan starfsfólks. Fram kom í könnuninni að þörf væri á að skoða starfsandann inn á sumum heimastofum. Við ætlum að halda áfram að innleiða Uppeldi til ábyrgðar og gera starfsmannasáttmála. Það er okkar von að við það batni samskipti og líðan fólks. Einnig kom fram að skortur á reynslu á leikskólastarfi og samvinnu á milli heimastofa þyrfti að bæta svo við værum öll að stefna að sama markmiðinu. Við höfum gert áætlun um fyrirlestra, kynningar og vinnu til að koma af stað námskráargerð fyrir leikskólann en það er mikilvægt að starfsfólk hafi eitt rit til að fara eftir.

Stuðningur við börn sem ekki hafa fengið greiningu er ábótavant hjá okkur. Við þurfum að styðja við starfsmenn varðandi lausnir fyrir tví- og fjöltyngd börn sem ekki hafa úthlutaðan stuðning vegna málþroska og huga að fjölbreyttum aðferðum til að bæta málþroska barna í 3ja flokki. Eloomi hefur lítið sem ekkert verið nýtt nema kannski helst af stjórnendum. Við viljum að starfsfólk nýti sé Eloomi og að við förum að gera alls kyns kynningar á okkar starfi og áherslu fyrir starfsfólki.

## 2.5. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Umbótapáttur	Markmið	Leiðir	Ábyrgð
Tví- og fjöltyngd börn.	Að efla málþroska tví- og fjöltyngdra barna.	Styðja starfsmenn varðandi lausnir fyrir tví- og fjöltyngd börn sem ekki hafa úthlutaðan stuðning vegna málþroska.	Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri.
Börn með slakan málþroska.	Að efla málþroska barna í 3ja flokki.	Huga að fjölbreyttum aðferðum til að bæta málþroska barna í 3ja flokki.	Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
Ör- og starfsmanna-samtöl.	Að eiga regluleg samtöl við allt starfsfólk m.a. til að kanna líðan þess, styðja í starfi og koma til móts við þarfir þess.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjór i eiga örsamtöl á haustönn og starfsmannasamtöl á vorönn við hvern starfsmann.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjór.
Álag á starfsfólki.	Minnka álag á starfsfólk.	Stjórnendur þurfa að rýna í skipulag og fleira til að finna hvað það er sem veldur álagi. Stjórnendur gætu þurft að eiga samtal við bæjaryfirvöld vegna þessa.	Leikskólastjóri.
Uppeldi til ábyrgðar.	Að dýpka skilning starfsfólks á stefnunni. Gera starfsmannasáttmála. Hver heimastofa gerir sinn sáttmála með börnunum.	Fyrirlestur um uppeldi til ábyrgðar. Fyrirlestur um sáttmálagerð. Vinna sáttmála með starfsfólki og aðstoða við sáttmálagerð inn á heimastofum.	Aðstoðarleikskólastjóri.
Fjölgreindakenningin.	Að fara að efla okkur í vinnu með greindirnar.	Fáum kynningu á vinnu með greindirnar. Samliggjandi heimastofur æfi sig einu sinni í viku að vera með hringekju saman.	Stjórnendateymið.

Grunnþættir menntunar.	Að dýpka skilning starfsfólks á grunnþáttunum og hvernig sé hægt að vinna með þá.	Fyrirlestur um grunnþætti menntunar. Hópavinna: hvernig vinnum við með og hvernig viljum við vinna með ákveðna grunnþætti.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

### 3. Áherslur í starfi leikskólans

#### 3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Áherslupáttur	Markmið	Leiðir	Ábyrgð	Verkefni metið
Frjáls leikur	Að frjáls leikur fái mjög gott rými innan dagsskipulags hverrar heimastofu	Deildarstjórar rýni reglulega í dagsskipulagið með aðstoðar-leikskóla- og sérkennslustjóra	Aðstoðarleiks-skólastjóri og sérkennslustjóri	Reglulega á heimastofu- og starfsmanna-fundum.
Samverustundir	Að skipulag og innihald samverustunda sé markvisst, nýtist vel og gæði séu tryggð.	Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri rýni reglulega með deildarstjórum/starf sfólki heimastofu í skipulag og innihald samverustunda og komi með hugmyndir.	Stjórnendateymið	Reglulega á heimastofu- og starfsmanna-fundum.
Umhverfisvernd	Að gera börn meðvituð um hlutverk okkar í umhverfisvernd.	Fræða börnin um mikilvægi umhverfisverndar, hvetja þau til ruslatýnslu og að hugsa vel um umhverfið. Notum orðið umhverfislögga. Vera með plökkadaga.	Stjórnendateymið	Reglulega á heimastofu- og starfsmanna-fundum.
Aukin útivera	Að auka þátttöku barna í útiveru, vettvangsferðum og virkja samvinnu milli heimastofa. Að nýta rými skólans betur og stuðla að gæðastundum í minni barnahópum.	Heimastofur skipuleggi verkefni fyrir útiveru, vettvangsferðir og fleira. Heimastofur vinni saman og hjálpist að.	Deildarstjórar	Skipulagsdagar í janúar og maí. Reglulega á heimastofu-fundum.
Málörvun allra barna.	Efla málþroska og markvissa vinnu með málörvun.	Vinna markvisst með Lubbi finnur málbeinin, lestrarstundir á hverjum degi, lestrarátak í	Stjórnendateymið	Skipulagsdagar í janúar og maí. Reglulega á heimastofu-fundum.

		<p>Samvinnu með foreldrum og fleira.</p>		
Matstofan	<p>Ná matstofunni aftur í það sama horf eins og hún var í fyrir covid og halda áfram að þróa hana í átt að okkar sýn.</p>	<p>Kynning á matsstofu á skipulagsdag 23. ágúst. Hver heimastofa í setur sér skipulag út frá aldri barnanna og í samvinnu við aðrar heimastofur. Hafa fastan starfsmann hluta úr degi í matstofu.</p>	Stjórnendateymið	<p>Skipulagsdagar í janúar og maí. Reglulega á heimastofu- og starfsmannafundum.</p>
Uppeldi til ábyrgðar	<p>Að dýpka skilning starfsfólks á stefnunni. Gera starfsmannasátt mála. Hver heimastofa gerir sinn sáttmála með börnunum.</p>	<p>Fyrirlestur um uppeldi til ábyrgðar. Fyrirlestur um sáttmálagerð. Vinna sáttmála með starfsfólki og aðstoða við sáttmálagerð inn á heimastofum.</p>	Aðstoðarleikskóla stjóri	<p>Skipulagsdagar í janúar og maí</p>
Fjölgreindakenninngin	<p>Að fara að efla okkur í vinnu með greindirnar.</p>	<p>Fáum kynningu á vinnu með greindirnar. Samliggjandi heimastofur æfi sig einu sinni í viku að vera með hringekju saman.</p>	Stjórnendateymið	<p>Skipulagsdagar í janúar og maí. Reglulega á heimastofufundum.</p>
Lærdóms-samfélag	<p>Auka þátttöku starfsfólks í umræðu um starfið og grunnþætti menntunar.</p>	<p>Hópavinna sem allir starfsmenn taka þátt í varðandi grunnþætti menntunar sem síðan nýtast í námsskrárgerð.</p>	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	<p>Skipulagsdagar í janúar og maí</p>
Grunnþættir menntunar	<p>Að dýpka skilning starfsfólks á grunnþáttunum og hvernig sé hægt að vinna með þá.</p>	<p>Fyrirlestur um grunnþætti menntunar. Hópavinna: hvernig vinnum við með og hvernig viljum við vinna með ákveðna grunnþætti.</p>	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	<p>Skipulagsdagar í janúar og maí</p>
Snemmtæk íhlutun	<p>Byrjum innleiðingarferli á Snemmtækri íhlutun</p>	<p>Kynning fyrir stjórnendur. Kynning fyrir alla starfsmenn. Ákveðið hvernig ferlið og vinnan</p>	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri	<p>Skipulagsdagar í janúar og maí</p>

		verður í kjölfarið.		
Samstarf leik- og grunnskóla vegna elstu barnanna.	Að auka samfellu í námi elstu barna og yngsta stigs grunnskóla.	Eiga samtal við yngsta stig grunnskóla um samfellu í námi. Rýna í hvað við erum að gera vs. grunnskóli og sjá tækifæri í að breyta og bæta.	Deildarstjórar á Hrauni, sérkennslustjóri, aðstoðar- og leikskólastjóri.	Skipulagsdagur í maí 2022
Upplýsingaflæði	Að halda áfram að auka upplýsingaflæði til foreldrar.	Stjórnendur (vefumsjónaraðilar) halda áfram að bæta upplýsingarflæði til foreldra og nýta til þess deildar- og skólafréttir á heimasíðu leikskólans auk þess að senda reglulega tölvupósta á foreldra.	Stjórnendateymið	Skipulagsdagur í maí 2022
Eftirlit með útisvæði	Að skráningar verið markvissari í eftirliti á útisvæði	Hver heimastofa sér um eftirlit eina viku í senn. Skráð verður í bók sem fer á milli.	Stjórnendateymið	Stjórnendur meta á deildarstjórafundum eini sinni í mánuði.

## 4. Starfsmannamál

### 4.1. Starfsmannahópurinn 1. Maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	100%	Leikskólakennari / MS í Mannauðsstjórnun
Aðstoðarleikskólastjóri	1	100%	Leikskólakennari
Sérkennslustjóri	1	100%	Leikskólakennari
Deildarstjórn	5	100% 50% 50% 90,62% 100%	1 Leikskólakennari 1 Leikskólakennari 1 Leikskólaskor 1 á 2.ári í leikskólakennarafræðum 1 Stúdent
Háskólamenntaður starfsmaður A	1	100%	BA í Uppeldis- og menntunarfræði
Háskólamenntaður starfsmaður B	1	100%	MS í Stjórn málafræði og mannauðsstjórnun
Leiðbeinendur Hlífar	7	100%	5 með stúdentspróf
Leiðbeinendur Hlífar	1	96%	
Leiðbeinendur Hlífar	1	90,62%	Stúdentspróf
Leiðbeinendur Hlífar	1	60%	Stúdentspróf
Leiðbeinendur Hlífar	3	50%	2 með stúdentspróf
Háskólamenntaður sérkennari	1	50%	BA og viðbótardiplómu í Uppeldis- og menntunarfræði

### 4.2 Starfsþróunarsamtöl

Örsamtöl fóru fram í febrúar og mars 2021 og skiptu leikskólastjóri og aðstoðarskólastjóri með sér þeim samtölum. Tilgangur þessara samtala var m.a. að heyra hvernig starfsfólki líður í vinnunni, hvernig því gangi í starfinu, hvort það vilji efla sig í einhverju og hvað stjórnendur geti gert til að styðja það. Niðurstöður í samtölum ríma við niðurstöður úr Starfsmannpólusins.

### 4.3 Símenntun frá síðasta ári

- Eyrún Ísfold Gísladóttir talmeinafræðingur. Hljóðasmiðja Lubba; *Hljóðanám í þrívídd og snemmbúið læsi*. Námskeið fyrir starfsmenn.
- Hjördís Guðrún Ólafsdóttir leikskólastjóri Náttúruleikskólans Krakkakots hélt fyrirlestur um *Uppeldi til ábyrgðar* fyrir starfsmenn.
- Katrín Hildur Jónasdóttir hélt fyrirlestur um *Uppeldi til ábyrgðar og sáttmálagæð*.
- Katrín Hildur Jónasdóttir var með fyrirlestur um *Grunnþættir menntunar*.
- Krístrún Sigurjónsdóttir, kennsluráðgjafi hjá Hafnarfjarðarbæ, hélt fyrirlestur um Móttöku barna í alþjóðlegri vernd á starfsmannafundi.
- APES námskeið – sérkennslustjóri
- Hljóm-2 – sérkennslustjóri



- TRAS – aðstoðarleikskólastjóri og einn deildarstjóri
- Sorg og sorgarviðbrögð barna – aðstoðarleikskólastjóri
- Tengslavandi barna – aðstoðarleikskólastjóri

#### 4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Skyndihjálpanámskeið
- Uppeldi til ábyrgðar - Fyrirlestur
- Fjölgreindakenningin – Fyrirlestur
- Grunnþættir menntunar – Fyrirlestur
- Áhrif tónlistar á málþroska og heilastarfsemina – Dr. Helga Rut Guðmundsdóttir
- Íslenski smábarnalistinn – Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri
- Íslenski þroskalistinn - Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri
- Hljóm-2 – Deildarstjóri
- Tras – Deildarstjóri og sérkennari
- Málþing Uppeldi til ábyrgðar

## 5. Aðrar upplýsingar

### 5.1 Barnahópurinn 1. maí.

- Fjöldi barna í leikskólanum: 68.
- Kynjahlutfall: 40 drengir og 28 stúlkur.
- Dvalarstundir: 537,55.
- Deildargildi: 2,8
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki: fjögur börn.
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað): 13 börn.
- Fjöldi barna bæði með fæðuofnæmi og/óþol: 9 börn.
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku: 12 börn.
- Fjöldi tungumála: 6.
- Þjóðerni forsjáraðila: Ísland, Rúmenía, Pólland, Níger-Kordofanían, Serbókratía.

## 5.2 Foreldrasamvinna

Í september ár hvert á að halda foreldrafund þar sem meðal annars er kosið í foreldraráð og foreldrafélag. Skólaárið 2020-21 var ekki hægt að halda foreldrafund vegna takmarkanna af völdum Covid-19. Því sátu áfram foreldrar undangengis árs í stjórn og ráði fyrir foreldra. Á þessu skólaári gerðist það svo að þeir þrír foreldrar sem sitja í foreldraráði fluttu úr sveitafélaginu og við erum því ráðalaus ☺ Í september 2021 verður því kosið nýtt ráð til að sinna lögbundnum skildum foreldraráðs. Einnig verður einhver endurnýjun í foreldrafélagi leikskólans. Síðasta skólaár sátu fimm foreldrar í stjórn félagsins og hafa þeir náð að funda með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra bæði í leikskólanum og á Teams. Viðburðir sem félagið stóð fyrir voru jólagjafir til barnanna, aðventukaffi, sumarhátíð og útskriftagjöf fyrir elstu börnin. Foreldrasamtöl voru haldin í febrúar og mars og gengu mjög vel.

## 5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

- Áætlun vetrarins.
- Samstarfsverkefni ef einhver eru.
- Nýjungar ef einhverjar eru.

Samþætt skólasamfélag leik-, grunn- og tónlistarskóla Skarðshlíðar.

Stjórnendur leik-, grunn- og tónlistarskóla hafa unnið að því skólaárið 2020-21 að undirbúa samstarf milli þessarar skólastiga sem deila byggingu í Skarðshlíð. Á komandi starfsári er áætlað að hefja samstarf þar sem meðal annars tónmenntakennari kennir á öllum skólastigum, stofnaður verður sameiginlegur kór elstu barna í leikskólanum og yngstu barna grunnskólans, leikskólinn fær áframhaldandi lán á íþróttahúsi, boðið verður upp á val á unglíngastigi í leikskólanum og vinahópar milli leikskóla og grunnskóla. Samstarfið verður hrint formlega af stað á sameiginlegum skipulagsdegi þessara skólastiga 23. ágúst 2021. Til að auka samfellu milli skólastiga munum við óska eftir samtali milli deildastjóra elstu barna og yngsta stigs grunnskólans.

## 5.4 Almennar upplýsingar

Sameiginlegir skipulagsdagar leik- og grunnskóla

- 23. ágúst 2021
- 15. nóvember 2021
- 25. maí 2022

Skipulagsdagar Skarðshlíðarleikskóla

- 24. september 2021
- 7. janúar 2022
- 4. mars 2022

## 5.5 Áætlanir

Eftirtalar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans <http://skardshlid.leikskolinn.is/> Skarðshlíðarleikskóli stefnir á að þær verði komnar þar inn á árunum 2020 – 2024.

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
  - einelti
  - ofbeldi
  - annað
- Viðbragðsáætlun við:
  - slysum
  - áföllum
  - Heimsfaraldur
  - annað
- Öryggisáætlanir
  - Rýmingaráætlun
  - Vinnuverndaráætlun
  - Öryggishandbók
- Starfsmannhandbók
- Námskrá Skarðshlíðarleikskóla
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun skal skila sem viðhengi við áætlunina <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>

## Fylgirit

- Matsgögn
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs
- Annað

Hafnarfjörður 28.júní 2021

---

Leikskólastjóri  
Skarðshlíðarleikskóla